

## GJALDSKRÁ

### HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf., takmarkað með magnhemli.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	151,79	168,49		kr./m <sup>3</sup>
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	166,99	185,36		kr./m <sup>3</sup>
Til annarra nota	151,79		188,22	kr./m <sup>3</sup>
Til iðnaðar*	129,01		159,97	kr./m <sup>3</sup>

\*sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	54.074,00	60.022,00	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	148,15	164,44	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Til íbúða húshitunar			
VM1 m <sup>3</sup>	367,15	391,28	kr./m <sup>3</sup>
VM2 m <sup>3</sup>	91,67	97,67	kr./m <sup>3</sup>
VM2 kWh	6,15	6,55	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: [www.os.is](http://www.os.is).

	án vsk	m. 11% vsk	
Til húshitunar annars en íbúða			
VMe m <sup>3</sup>	345,21	383,18	kr./m <sup>3</sup>
VM4 m <sup>3</sup>	85,79	95,23	kr./m <sup>3</sup>
VM4 kWh	5,73	6,36	kr./kWh

##### 4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	10.118,00	11.231,00	12.546,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	27,72	30,77	34,37	kr./dag
Mælir allt að 25-50 mm	20.274,00	22.504,00	25.140,00	kr./ár
Mælir allt að 25-50 mm	55,55	61,65	68,88	kr./dag
Mælir 65 mm og stærri	40.510,00	44.966,10	50.232,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærri	110,99	123,19	137,62	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

Flokkur og stærð mæla	án vsk	m. 11% vsk	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	29.871,00	33.157,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	81,84	90,84	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	59.517,00	66.064,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	163,06	181,00	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	119.308,00	132.432,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	326,87	362,83	kr./dag

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

#### 6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	án vsk	m. 11% vsk	
DN 20 mm heimæð	340.053	377.459	kr.
DN 25 mm heimæð	448.650	498.002	kr.
DN 32 mm heimæð	570.411	633.156	kr.
DN 40 mm heimæð	647.197	718.389	kr.
DN 50 mm heimæð	1.480.876	1.643.772	kr.
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	38.393	42.616	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka).

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverju aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50 mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	án vsk	m. 24% vsk	
Púlsmerki frá mæli	20.604	25.549	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	36.398	45.134	kr.

### III. KAFLI

#### 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

#### 8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	án vsk	m. 24% vsk	
Opnunargjald	7.920	9.821	kr.

#### 9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust

fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessar, nema á sölu vatns og heimæða til annars en húshitunar og opnunargjald þar sem virðisaukaskatturinn er 24%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkusatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf. staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 2022. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 566/2022.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 22. ágúst 2022.*

F. h. r.

**Stefán Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hreinn Hrafnkelsson.*